



Fjölbrautaskóli
Suðurlands
Haustönn 2021

VINU2FH02

Undirbúningur fyrra starfsnám

Kennari:	Sissel Tveten, Áslaug Fjóla	Sk. st.	ST,
Netfang:	Guðmundsdóttir, Freyja Hilmarsdóttir		ÁFG,
	sissel@fsu.is , aslaug@fsu.is		FH

Áfangalýsing:

Meginviðfangsefni áfangans er að undirbúa nemendur fyrir starfsþjálfunaráfangann VINH2FH10. Nemendum er kennt að fylla út vinnuskýrslur um unna verkþætti, fylla út gátlista um heilbrigði hesta, t.d. fóðurástand, holdafar, ástand fóta og járninga á hrossum. Einnig er farið yfir gerð dagbókar. Farið er í helstu verkþætti á hestahalds.

Undanfari: Áfanginn er tekinn samhliða HEST1GR05 og REIM1GR05

Þekkingarviðmið:

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- helstu verkþáttum starfsnema á starfsnámsstað
- viðteknum starfsaðferðum og vinnulagi sem nýst getur í hestamennsku
- starfs- og ábyrgðarsviði starfsnema á starfsnámsstað
- hirðingu og fóðrun hrossa
- mismunandi vinnuaðferðum, nálgun við þjálfun hesta
- mati á andlegu og líkamlegu heilbrigði hrossa
- grunnþjálfun hesta
- hringteymingum og vinnu við hönd
- markvissum vinnubrögðum

Leikniviðmið:

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- Leggja rétt mat á einfaldar aðstæður og taka sjálfstæðar ákvarðanir varðandi verklag á vinnustað.

Hæfniviðmið:

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- Fylgja leiðbeinandi verklagsreglum á vinnustað

Námsefni:

Efni frá kennara

Áfangann er kenndur utan töflu í nokkrar lotur. Nemendur og kennarar koma sér saman um nánari tímasetningar í upphaf annar.

Til þess að standast áfanganum er skilyrði um 100% mæting.

Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.